

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) miðvikudaginn 6. nóvember 2020 á fjarfundi kl. 10:00.

Fundinn sátu Gunnar Helgason, Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir fyrir hönd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir, sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

**1. Mat á menntun hjúkrunarfræðinga**

Nám hjúkrunarfræðinga er 240 ECTS eininga nám sem lýkur með BSc gráðu. Í kjarasamningi 2015 til 2019 var 4. árið, 60 ECTS einingar sem er umfram 180 ECTS eininga nám, metið til 4% persónuálags samkvæmt grein 10.2.3. Þessi grein var í gildi til 31. maí 2018 eða þar til sérákvæði 1 um starfsmat tók gildi samkvæmt sama samningi.

Frá 1. júní 2018 er ekki gert ráð fyrir því að 4. árið sé metið sérstaklega, sbr. grein 10.2.3 enda er það hluti af BSc gráðu sem er sú grunnkrafa starfs sem tekið er mið af í starfsmati fyrir hjúkrunarfræðinga:

*Persónuálag vegna viðbótarmenntunar*

*Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnám þ.e. 3 til 4 ár s.s. BA, BSc, B.ed, sem ekki eru metnar í starfsmati, fær starfsmaður 2% persónuálag enda sé námið hluti af formlegri prófgráðu s.s. diplóma- eða mastersgráða. Forsenda fyrir veitingu persónuálags skv. þessari grein er að starfsmaður hafi lokið formlegri prófgráðu og að námið nýtist í starfi.*

*Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar.*

*Hækkun samkvæmt grein þessari tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 24%, nema þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi en þá er hámarkið 30%.*

Fulltrúar Fíh óska eftir því að túlkun greinar 10.2.3 sem gildi til 31. maí 2018 verði óbreytt frá 1. júní 2018, þ.e. að áfram verði greitt 4% persónuálag fyrir 60 ECTS einingar sem eru umfram 180 ECTS eininga nám.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd samþykkir að þar til fyrsta prófgráða í námi hjúkrunarfræðinga verður skipulögð sem 180 ECTS BSc nám, verða 60 ECTS einingar umfram 180 ECTS einingar í BSc námi metnar til 4% persónuálags.

Þetta persónuálag telst ekki til fastra viðbótargreiðslna samkvæmt sérákvæði 1 með kjarasamningi frá 2015 til 2019.

## 2. Launaröðun hjúkrunarfræðinema 1

Samstarfsnefnd samþykkir að launaröðun hjúkrunarfræðinema 1 verði 81% af launaflokki 159 í stað 79% af launaflokki 159.

Starfsheiti og röðun frá 1. júní 2018:	Starfsmatsstig	Launaflokkur
Hjúkrunarfræðinemi 1 (81% af lfl.159)	Á ekki við*1	159
Hjúkrunarfræðinemi 2 (84% af lfl.159)	Á ekki við*1	159
Hjúkrunarfræðinemi 3 (88% af lfl.159)	Á ekki við*1	159

### **Hjúkrunarfræðinemi 1 (81% af lfl. 159):**

Háskólanemi sem er skráður í hjúkrunarfræðinám og hefur öðlast rétt til þess að hefja nám á öðru námsári.

### **Hjúkrunarfræðinemi 2 (84% af lfl. 159):**

Háskólanemi sem er skráður í hjúkrunarfræðinám og hefur öðlast rétt til þess að hefja nám á þriðja námsári.

### **Hjúkrunarfræðinemi 3 (88% af lfl. 159):**

Háskólanemi sem er skráður í hjúkrunarfræðinám og hefur öðlast rétt til þess að hefja nám á fjórða námsári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30